**Skattar á tekjur og hagnað.** Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað aukist um rúmlega 26 milljarða króna frá fjárlögum og verði rétt um 128 milljarðar króna. Allir stærstu tekjupóstarnir eru taldir hækka. Þannig er áætlað að tekjuskattur einstaklinga hækki um 13,7 milljarða króna, tekjuskattur lögaðila um 12,5 milljarða og fjármagnstekjuskattur einstaklinga um 5,6 milljarða frá fjárlagaáætlun. Þessar hækkningar skýrast af meiri umsvifum í efnahagslífinu en áætlað hafði verið. Tekjuskattur einstaklinga lækkaði um eitt prósentustig frá fyrra ári og er nú 23,75%.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2006	Áætlun <sup>1</sup> 2006	Frávik m.kr.	Frávik %
<b>I Skatttekjur</b> .....	<b>306.452</b>	<b>348.148</b>	<b>41.696</b>	<b>13,6</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	101.597	127.797	26.200	25,8
Einstaklingar .....	82.300	96.000	13.700	16,6
Lögaðilar .....	17.500	30.000	12.500	71,4
Ótalið annars staðar .....	1.797	1.797	0	0,0
Tryggingagjöld .....	34.411	35.608	1.197	3,5
Eignarskattar .....	7.065	8.465	1.400	19,8
Skattar á vörur og þjónustu .....	162.456	174.959	12.503	7,7
Virðisaukaskattur .....	114.400	119.600	5.200	4,5
Aðrir skattar .....	923	1.319	396	42,9
<b>II Aðrar rekstrartekjur</b> .....	<b>26.169</b>	<b>24.873</b>	<b>-1.296</b>	<b>-5,0</b>
Arðgreiðslur .....	1.444	1.444	0	0,0
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur .....	16.434	15.098	-1.336	-8,1
Neyslu- og leyfisgjöld.....	7.224	7.264	40	0,6
Annað.....	1.067	1.067	0	0,0
<b>III Sala eigna.....</b>	<b>540</b>	<b>540</b>	<b>0</b>	<b>0,0</b>
<b>V Fjárframlög.....</b>	<b>1.478</b>	<b>1.478</b>	<b>0</b>	<b>0,0</b>
<b>Heildartekjur ríkissjóðs .....</b>	<b>334.639</b>	<b>375.039</b>	<b>40.400</b>	<b>12,1</b>
<b>Sjóðshreyfing .....</b>	<b>320.703</b>	<b>364.666</b>	<b>43.963</b>	<b>13,7</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum ársins.

**Tryggingagjöld.** Tekjur af tryggingagjaldi eru einnig taldar hækka frá fjárlagaáætlun af sömu ástæðu og hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Þær eru taldar hækka um 1,2 milljarða og nema í heild 35,6 milljörðum króna.

**Eignaskattar.** Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að tekjur af eignaskatti hækki um 1,4 milljarða króna og muni nema 8,5 milljarði. Hér er miðað við að tekjur vegna stimpilgjalda aukist um 1 milljarð króna og tekjur vegna erfðafjárskatts um 0,4 milljarða.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Gert er ráð fyrir að skattar á vöru og þjónustu aukist um 12,5 milljarða króna frá fjárlögum. Langstærsti tekjustofninn er virðisaukaskattur sem

áætlað er að nemi 119,6 milljörðum króna sem er hækkun um 5,2 milljarða frá áætlun fjárlaga. Einnig er gert ráð fyrir að tæplega 3 milljarða króna meiri tekjum af vörugjöldum af ökutækjum og 2,2 milljarða króna hækkun á ýmsum almennum vörugjöldum. Þessar hækkunir má rekja til enn meiri einkaneyslu en spáð hafði verið. Þannig er nú gert ráð fyrir að fluttar verði inn 23.000 bifreiðar á árinu en í fyrra voru þær tæplega 26.000 sem var metár. Spáð hafði verið meiri minnkun milli ára í innflutningi en nú lítur út fyrir að verði. Tekjur af olúgjaldi eru áætlaðar að verði um 1 milljarði meiri, en olíusala hefur verið miklu meiri en gert var ráð fyrir. Á árinu hefur tímabundin lækkun á olúgjaldi á hvern seldan dísillíttra verið framlengd, gjaldið er því 41 kr. en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 45 kr.

**Aðrar rekstrartekjur.** Búist er við að aðrar rekstrartekjur lækki um 1,3 milljarð króna frá fjárlagaáætlun sem skýrist af því að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs og aðrar vaxtatekjur aukist þá vegur ofmat á dráttarvöxtum af sköttum og hagnaði þann ábata upp.

## 2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna og stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Leitað hefur verið skýringa á frávikum útgjalda frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð innan ársins. Miðað er við að í fjárlagagöllum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og úrskurðir. Einnig eru hagrænar forsendur endurmetnar, svo sem vaxtagjöld og atvinnuleysi ásamt því að útgjöld almannaþrygginga eru endurmetin. Tekið er tillit til áhrifa nýrrar lagasetningar á útgjöld ríkissjóðs og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Loks er í nokkrum tilvikum lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður.

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs árið 2006 verði auknar um 14,3 milljarða króna. Þar af er sótt um tæplega 5,5 milljarða króna hjá Fjármálaráðuneyti, en þar af eru 3 milljarðar vegna gjaldfærslu afskrifaðra skattkrafna og 2,5 milljarðar vegna launa og verðlagsmála, einkum vegna hækkunar á launum ófaglærðra og áhrifa af breytingum gengi krónunnar á árinu. Farið er fram á rúma 2,2 milljarða króna til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og þar af eru 1,9 milljarðar vegna lífeyristrygginga í kjölfar samkomulags við Landssamband aldraðra. Lögð er til tæplega 1,8 milljarða hækkun á framlögum til Samgönguráðuneytisins, en þar af er 1 milljarður vegna bætts öryggis á vegum úr höfuðborginni, 500 m.kr. er framlag í Fjarskiptasjóð og sótt er um 100 m.kr. til andkynningarmála. Farið er fram á að fjárheimildir Dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækki

um 1,2 milljarða króna, en þar af eru 500 m.kr. til eflingar þylusveitar Landhelgisgæslunnar og 500 m.kr. til smíði á nýju varðskipi. Samtals er lagt til að framlög til Félagsmálaráðuneytis aukist um tæplega 400 m.kr. en þar skiptir í tvö horn, annars vegar er farið fram á ríflega 1 milljarð króna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga en hins vegar lækka framlög til atvinnuleysisbóta um 500 m.kr. vegna minna atvinnuleysis og endurskoðuð áætlun um Fæðingarorlofssjóð gerir ráð fyrir 200 m.kr. lækkun útgjalda frá áætlun fjárlaga. Farið er fram á 865 m.kr. fjárheimild til Menntamálaráðuneytis, þar af eru 240 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum, 150 m.kr. til stofnkostnaðar menningarstofnana og 120 m.kr. til að gera menningarsamninga. Lagt er til að fjárheimildir landbúnaðarráðuneytis verði auknar um rúmlega 740 m.kr. og munar þar mestu um 330 m.kr. til að styrkja byggingu reiðhalla og tæplega 340 m.kr. vegna verðuppfærslu búvörusamninga. Sótt er um 640 m.kr. til Utanríkisráðuneytisins, þar af eru 540 m.kr. aukin útgjöld Keflavíkurflugvallar og til öryggisgæslu vegna brotthvarfs varnarliðsins. Breytingar á útgjöldum annarra ráðuneyta er minni, en þar má helst nefna 174 m.kr. til Hafrannsóknarstofnunar vegna ýmissa verkefna og 128 m.kr. til Ofanflóðasjóðs vegna uppkaupa á íbúðarbyggðunum í Hnífsdal. Loks aukast vaxtagjöld ríkissjóðs um 570 m.kr. þrátt fyrir aukna niðurgreiðslu skulda vegna hærri vaxta og ákvörðunar um að auka framboð á ríkisverðbréfum innan lands.

Gert er ráð fyrir að til lækkunar komi um 3 milljarða vegna frestunar á framkvæmdaáformum á árinu 2006 sem færast á næstu ár án þess að fjárheimildir verði lækkaðar. Er frestunin vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá í sumar um að stöðva tímabundið þær framkvæmdir sem ekki höfðu þegar verið skuldbundnar með samningum. Fjárheimildir eru ekki lækkaðar vegna frestunarinnar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2006	Heimildir 2006	Breyt. frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun .....	91.999	93.245	1.246	1,4
Lífeyrisskuldbindingar.....	4.798	4.798	0	0,0
Önnur gjöld .....	74.825	76.551	1.726	2,3
Sértekjur .....	-21.934	-21.934	0	0,0
<b>Rekstrargjöld samtals .....</b>	<b>149.688</b>	<b>152.660</b>	<b>2.972</b>	<b>2,0</b>
<b>Fjármagnskostnaður .....</b>	<b>13.440</b>	<b>14.011</b>	<b>571</b>	<b>4,2</b>
<b>Rekstrar- og neyslutilfærslur</b>				
Lífeyristryggingar .....	33.806	35.740	1.934	5,7
Sjúkratryggingar .....	15.511	15.511	0	0,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	8.470	9.545	1.075	12,7
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu .....	8.179	8.516	337	4,1
Fæðingarorlofs sjóður .....	7.041	6.899	-143	-2,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	6.955	6.955	0	0,0
Barnabætur .....	6.800	6.800	0	0,0
Afskriftir skattkrafna .....	6.000	9.000	3.000	50,0
Vaxtabætur .....	5.100	5.100	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	4.477	4.477	0	0,0
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	3.850	3.400	-450	-11,7
Framlag til sókna og kirkjugarða .....	3.084	3.170	86	2,8
Ríkisútvarpið .....	2.550	2.550	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur .....	21.320	23.337	2.017	9,5
<b>Rekstrar- og neyslutilf. samtals .....</b>	<b>133.143</b>	<b>141.001</b>	<b>7.857</b>	<b>5,9</b>
<b>Viðhald</b>				
Vegakerfi .....	2.835	2.835	0	0,0
Annað .....	2.343	2.303	-40	-1,7
<b>Viðhald samtals .....</b>	<b>5.178</b>	<b>5.138</b>	<b>-40</b>	<b>-0,8</b>
<b>Fjárfesting</b>				
Vegakerfi .....	5.905	6.905	1.000	16,9
Heilbrigðisstofnanir .....	1.612	1.587	-25	-1,6
Hafnarframkvæmdir .....	833	833	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar .....	1.554	1.554	0	0,0
Flugvellir .....	280	360	80	28,5
Annað .....	3.426	4.937	1.511	44,1
<b>Fjárfesting samtals .....</b>	<b>13.610</b>	<b>16.176</b>	<b>2.566</b>	<b>18,8</b>
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>315.059</b>	<b>328.985</b>	<b>13.926</b>	<b>4,4</b>

### 3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 10.000 m.kr. í 26.400 m.kr. og er það í samræmi við endurskoðuð lántökuáform ársins 2006. Fer öll hækkunin til skuldbreytinga, enda verða skuldir greiddar meira niður en áformað var í fjárlögum.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Lagt er til að heimildirnar hækki um alls 400 m.kr., þar af eru 600 m.kr. vegna Lánaþjófnaðs íslenskra námsmanna en 200 m.kr. heimild vegna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli fellur brott. Hækkun á lánsfjárbörf Lánaþjófnaðs íslenskra námsmanna stafar að mestu leyti af fyrri vanáætlun á afborgunum af eldri lánnum sjóðsins hjá Lánaþjófnaði ríkisins. Ekki eru lagðar til breytingar á heimild Happraðttis Háskóla Íslands en líkur eru á að hún verði ekki nýtt að fullu á árinu.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru tvær og í heildina tekið er lögð til 13.473 m.kr. lækkun heimildar. Annars vegar 14.973 m.kr. lækkun á heimild íbúðalánadeildar Íbúðalánaþjófnaðs og hins vegar 1.500 m.kr. hækkun á heimild Bygðastofnunar. Minni lánsfjárbörf Íbúðalánaþjófnaðs skýrist að mestu af því að horfur eru á að veitt lán íbúðalánadeildar verði ekki eins mikil og reiknað var með á fjárlögum, en þar var áætlað að veitt lán yrðu 72.999 m.kr. en nú er miðað við að þau verði 56.000 m.kr. Aukin lánsfjárbörf Bygðastofnunar er vegna endurfjármögnunar á óhagstæðari eldri lánnum stofnunarinnar.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 47 milljarðar króna og er það 31,5 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga. Veldur þar mestu tekjuaukning á árinu umfram aukningu útgjalda, en gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni hækki um tæpa 39 milljarða króna frá áætlun fjárlaga en gjöld á greiðslugrunni hækki um tæpa 8 milljarða.

Áætlað er að fjármunahreyfingar ársins taki til sín 2,6 milljarða króna, en það er um 1,8 milljarði króna meira en reiknað var með á fjárlögum. Munar þar mest um að 1.000 m.kr. stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem áætlað var fyrir á fjáruka-lögum 2005 var ekki greitt fyrr en á árinu 2006. Að öðru leyti stafar breytingin af 440 m.kr. minni tekjum af sölu hlutabréfa og eignarhluta, 275 m.kr. aukningu á veittum lánnum og 50 m.kr. minni afborgunum af veittum lánnum.

Í milljónum króna	Fjárlög 2006	Áætlun 2006	Breyting frá fjárlögum
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>15.497</b>	<b>47.000</b>	<b>31.503</b>
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar .....	-400	-400	0
Veitt löng lán .....	-5.425	-5.700	-275
Afborganir veittra lána .....	4.950	4.900	-50
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög .....	-500	-1.500	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	540	100	-440
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>-835</b>	<b>-2.600</b>	<b>-1.765</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>	<b>14.662</b>	<b>44.400</b>	<b>29.738</b>
Fjármögnun:			
Skammtímalán .....	0	0	0
Tekin löng lán .....	1.100	26.400	25.300
Afborganir af teknum lánum .....	-12.500	-49.800	-37.300
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>-11.400</b>	<b>-23.400</b>	<b>-12.000</b>
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins .....	-4.000	-4.000	0
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>-738</b>	<b>17.000</b>	<b>17.738</b>

Hreinn lánsfjárfjöfnuður er áætlaður 44,4 milljarðar króna og er það 29,7 milljörðum króna meiri afgangur en áætlað var í fjárlögum. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða skuldir ríkissjóðs niður um 23,4 milljarða króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 17 milljarða króna.

## 4 Heimildir

Sótt er um 18 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að þrjár eru til sölu á fasteignum, sex til sölu á eignarhlutum í húsum, ein vegna sölu á lóð, ein vegna sölu á eignarhlut í félagi, þrjár vegna kaupa eða leigu á fasteignum og fjórar vegna annarra mála.

Heimild 2.27 er vegna sölu á Sléttuvegi 17, Reykjavík en um er að ræða íbúð sem Háskóli Íslands fékk að gjöf og vill hafa makaskipti á annarri eign í sömu blokk.

Heimild 2.28 er vegna sölu á Lambeyrarbraut 4, Eskifirði en hún er ekki lengur nýtt sem íbúð fyrir sýslumanninn á Eskifirði.

Heimild 2.29 er vegna sölu á tveimur fullnustueignum Lánasjóðs Landbúnaðarins í Dalvíkurbyggð.

Heimild 3.24 er til að selja fasteign á vegum Háskóla Íslands sem hætt er að nota.

Heimild 3.25 er til að selja gamla sjúkrahúsið á Húsavík sem hætt er að nota.

Heimild 3.26 er til að selja eignarhlut ríkissjóðs í gömlu heilsugæslustöðinni á Skagaströnd en þar hefur ný heilsugæslustöð verið byggð.

Heimild 3.27 er til að selja eignarhlut í húsnæði á vegum ÁTVR sem hætt er að nota.

Heimild 3.28 er vegna skipta á skrifstofuhúsnæði Sýslumannsins á Blönduósi og skrifstofuhúsnæðis í eigu Blönduósbæjar í sama húsi.

Heimild 3.29 er til komin þar sem húsnæði Einkaleyfastofunnar við Skúlagötu 64 er fyrir framtíðarskipulagi á Skúlatúnsreitnum svokallaða.

Heimild 4.59 er til sölu á lóðarskika í Vestmannaeyjum þar sem áður stóð fangahús.

Heimild 5.3 er til sölu á hlut ríkisins í Kauphöll Íslands.

Heimildir 6.30 og 6.31 eru til komnar vegna leigu á hentugu húsnæði fyrir tilteknar stofnanir ríkisins sem nú eru í óhentugu húsnæði.

Heimild 6.32 er vegna stækkunar á húsnæði Iðnskólanum í Reykjavík sem er sameiginlegt verkefni ríkis og borgar.

Heimild 7.12 er til komin vegna þeirrar ákvörðunar ríkisins að kaupa merkilegt ritsafn sr. Ragnars Fjalars Lárussonar, prófasts, og afhenda það Hóladómkirkju að gjöf á 900 ára afmæli skóla og biskupsstóls á Hólum.

Heimild 7.13 er til komin vegna endurnýjunar á Breiðafjarðarferjunni Baldri.

Heimild 7.14 er vegna áskilnaðar laga um að leggja beri nýju hlutafélagi um matvælarannsóknir til stofnfé.

Heimild 7.15 er vegna viðræðna ríkis og sveitarfélaganna um kaup ríkissjóðs á hlut þeirra í Landsvirkjun.



Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 32 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.19 Efnahagsrannsóknir.* Farið er fram á 12 m.kr. framlag til rannsóknarverkefna á sviði skatta-, félags- og velferðarmála.

*1.29 Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða.* Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til að standa straum af stofnun og rekstri hlutafélags samkvæmt þjónustusamningi sem mun annast framtíðarþróun og umbreytingu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli eftir að bandaríska varnarliðið hefur skilað því.

## 02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 865,9 m.kr.

### 101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir 10 m.kr. fjárveitingu vegna sérfræðikostnaðar við vinnu að gerð frumvarps um fjölmiðla. Við gerð frumvarpsins hefur verið leitað til sérfræðinga og farið yfir fjölda álitamála og athugasemda. Kostnaður vegna þeirrar vinnu hefur verið umfram það sem eðlilegt er talið að aðalskrifstofa ráðuneytisins geti borið, enda var kostnaðurinn ekki allur fyrirséður.

### 201 Háskóli Íslands.

*1.01 Háskóli Íslands.* Lagt til að veitt verði 9,1 m.kr. framlag til að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði. Menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið hafa komist að samkomulagi um að gera ráðstafanir með það að markmiði að fjölga starfandi hjúkrunarfræðingum. Í því skyni er lagt er til að fjölgað verði hjúkrunarnemum við háskóla Íslands um 25 á ári. Miðað er við að fjölgun hjúkrunarnema verði strax á haustönn 2006, en það svarar til 12,5 nýrra árnema.

*1.13 Háskólasjóður.* Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna

sóknargjalda verði hækkað um 28,1 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 reyndist 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%, sem er umfram forsendur fjárlaga.

## **202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.**

*1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Lagt er til að veitt verði samtals 90,7 m.kr. framlag til stofnunarinnar vegna tveggja tilefna. Annars vegar var á ríkisstjórnarfundum í vor samþykkt að veita Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum heimild til 87,2 m.kr. úrbóta á aðstöðu til krufningar fuglshræja, svo kallaða P3 aðstöðu, til rannsókna á fuglaflensu. Hins vegar er sótt um 3,5 m.kr. framlag vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna nýrnaveiki í alifiskum. Á árinu 2005 greindist nýrnaveiki í alifiskum sem kallaði á umfangsmiklar rannsóknir. Í 16.gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknardeild fisksjúkdóma kemur fram að kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöðvum sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Um óvænt útgjöld er að ræða og umfangsmeiri rannsóknir en áður þar sem hrogn og fiskar höfðu verið fluttir á milli stöðva áður en vart var við smitið.

## **204 Stofnun Sigurðar Nordals.**

*1.01 Stofnun Sigurðar Nordals.* 10,9 m.kr. eru millifærðar af 02-204-101 Stofnun Sigurðar Nordal yfir á 02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Stofnunar Sigurðar Nordals verði millifærðir vegna laga um Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum. Lögin um hina nýju stofnun taka gildi 1. september.

## **205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.**

*1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.* 39,9 m.kr. millifærðar af 02-205-101 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi yfir á 02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi verði millifærðir vegna laga um Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum. Lögin um hina nýju stofnun taka gildi 1. september.

## **206 Orðabók Háskólans.**

*1.01 Orðabók Háskólans.* 14,4 m.kr. eru millifærðar af 02-206-101 Orðabók Háskólans yfir á 02-209-101 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Orðabókar Háskólans verði millifærðir á Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum vegna nýrra laga. Lögin taka gildi 1. september 2006.

**207 Íslensk málstöð.**

*1.01 Íslensk málstöð.* 8,2 m.kr. eru millifærðar af 02-207-101 *Íslensk málstöð* yfir á 02-209-101 *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Íslenskrar málstöðvar verði millifærðir á Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum vegna nýrra laga. Löggin taka gildi 1. september 2006.

**208 Örnefnastofnun Íslands.**

*1.01 Örnefnastofnun Íslands.* 4,5 m.kr. eru millifærðar af 02-208-101 *Örnefnastofnun* yfir á 02-209-101 *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Lagt er til að 4/12 hlutar fjárveitingar Örnefnastofnunar verði millifærðir á Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum vegna nýrra laga. Löggin taka gildi 1. september 2006.

**209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

*1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.* Vegna nýrrar stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eiga sér stað millifærslur frá eftirfarandi fjárlagaliðum er nemur 4/12 hlutar fjárveitinga þeirra; 39,9 m.kr. eru millifærðar af 02-205-101 *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*, 14,4 m.kr. eru millifærðar af 02-206-101 *Orðabók Háskólans*, 10,9 m.kr. eru millifærðar af 02-204-101 *Stofnun Sigurðar Nordal*, 8,2 m.kr. eru millifærðar af 02-207-101 *Íslensk málstöð* og loks eru 4,5 m.kr. eru millifærðar af 02-208-101 *Örnefnastofnun Íslands*. Samtals verður fjárveiting nýrrar stofnunar því 77,9 m.kr. á árinu 2006, en lög um hana tóku gildi 1. september.

**210 Háskólinn á Akureyri.**

*1.01 Háskólinn á Akureyri.* Lagt er til að veitt verði 40 m.kr. fjárveiting til Háskólans á Akureyri. Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra lögðu fram minnisblað fyrir ríkisstjórnina þar sem list var yfir vilja til að beita sér fyrir því að stöðva hallarekstur skólans. Í því skyni var lagt til að ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir 60 m.kr. aukafjárveitingu til skólans á árinu 2006. Með framlaginu verður komið til móts við nemendafjölgun með um 20 m.kr. hækkun fjárveitinga og 40 m.kr. eru til að standa undir kostnaði af Borgum, rannsóknarhúsnæðis skólans, en hlutdeild háskólans í rannsóknahúsinu var aukinn þegar Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins ákvað að minnka við sig í húsnæði.

**319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Óskað er eftir 240 m.kr. framlagi til framhaldsskóla. Samkvæmt fyrirbyggjandi tölum um skráningu nemenda í framhaldsskóla vor og haust 2006 er fjöldi nemenda umfram forsendur fjárlaga. Lagt er til að komið verði til móts við skólana og verður fjárveitingunni skipt á framhaldsskóla með reiknilíkani.

**902 Þjóðminjasafn Íslands.**

*1.11 Hönnunarsafn Íslands.* Óskað er eftir 2 m.kr. framlagi til reksturs húsnæðisins Lyngáss þar sem Þjóðminjasafn flutti starfsemi sína úr húsinu á árinu. Hönnunarsafnið og Örnefnastofnun sem eftir eru í húsinu hafa ekki bolmagn til að standa undir rekstri hússins. Hönnunarsafnið er deild innan Þjóðminjasafnsins sem hefur staðið undir húsaleigunni.

**919 Söfn, ýmis framlög.**

*6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til uppbyggingar safnahúss í Búðardal. Ríkisstjórnin samþykkti vorið 2005 að beita sér fyrir 10 m.kr. framlagi á ári árin 2006-2008 til uppbyggingar safnahúss í Búðardal. Við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006 féll framlagið niður og er lagt til að bætt verði úr því.

**969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.**

*6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík.* Gert er ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu á þessum lið til að standa undir hlutdeild ríkissjóðs í áföllnum kostnaði vegna undirbúnings að byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Auk þess er gert ráð fyrir að nýttar verði afgangsheimildir viðfangsefnisins frá fyrri árum sem áætlað er að nemi um 65 m.kr. Aðallega er um að ræða ráðgjafarkostnað vegna undirbúnings útboðs. Í lið 7.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2006 er svohljóðandi heimildarákvæði: „Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.“

*6.73 Þjóðleikhúsið.* Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði millifærð af liðnum til reksturs Þjóðleikhússins vegna húsaleigu. Ráðgert er að Fasteignir ríkissjóðs taki við umsýslu með fasteignum Þjóðleikhússins og annist viðhald þeirra gegn leigugreiðslu.

**971 Ríkisútvarpið.**

*1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld.* Gert er ráð fyrir að tekjur af afnotagjöldum til Ríkisútvarpsins aukist um 50 m.kr. frá áætlun fjárlaga þar sem afnotagjöldin hækka um 8% frá 1. október. Tekjur af afnotagjöldunum færast sem tekjur ríkissjóðs og er veitt til Ríkisútvarpsins með fjárveitingu um gjaldahlið. Sótt er um 50 m.kr. fjárheimild til að skila tekjunum.

**973 Þjóðleikhúsið.**

*1.01 Þjóðleikhúsið.* Samtals er farið fram á 85 m.kr. fjárheimildir til Þjóðleikhússins. Óskað er eftir 70 m.kr. framlagi vegna viðvarandi halla sem verið hefur á rekstri Þjóðleikhússins og vegna breytinga á kjarasamningum á árinu. Uppsafnaður halli á rekstri

nam 91 m.kr. í árslok 2005. Einnig er lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði millifærð af liðnum *02-969 Menningarstofnanir, viðhalds- og stofnkostnaður* til Þjóðleikhússins vegna húsaleigu. Ráðgert er að Fasteignir ríkissjóðs taki við umsýslu með fasteignum Þjóðleikhússins og annist viðhald þeirra gegn leigugreiðslu. Loks er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna samnings á milli Þjóðleikhúss Íslands og Þjóðdans Færeyja. Samningurinn gildir frá árinu 2006. Óskað hefur verið eftir framlagi vegna árána 2007 og 2008 í frumvarpi til fjárlaga 2007.

## 982 Listir, framlög.

*1.45 Menningarsamningar.* Lagt er til að veitt verði 120 m.kr. viðbótarframlag á nýju viðfangsefni undir þessum fjárlagalið til að standa straum af útgjöldum við menningarsamninga. Þegar er í gildi menningarsamningur við sveitarfélögin á Austurlandi og við sveitarfélögin á Vesturlandi. Þá er í gildi menningarsamningur við Akureyri um stuðning ríkisins við rekstur atvinnulistastofnana í bænum. Önnur samtök sveitarfélaga á landinu hafa óskað formlega eftir samstarfi um menningarmál. Tilgangur menningarsamninganna er að efla menningarstarf í landshlutum og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsriðun verkefna aukin. Menningarráð verður samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og hefur meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, sem og að annast framkvæmd samninga. Reynslan af samningum sýnir að samstarf af þessu tagi hefur verið afar farsælt fyrir ríki og sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa sett sér metnaðarfulla stefnumótun í menningarmálum en það er forsenda viðræðna um samning. Með samningum sem þessum hafa skapast ný tækifæri til listsköpunar og menningartengdrar ferðaþjónustu og þannig gefin ný tækifæri til fjölbreytilegrar menningar um land allt.

## 999 Ýmislegt.

*1.90 Ýmis framlög.* Sótt er um 5 m.kr. aukafjárveitingu til NemaNets sem er tilraunaverkefni sem felst í að gefa námráðgjöf og leiðbeiningar fyrir nemendur á vefnum með það að markmiði að þeir geti skipulagt betur nám sitt og tíma. Féll fjárveitingin niður við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006 og er lagt til að bætt verði úr því með þessari tillögu.

*1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis.* Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag til Norrænna músíkdaga á Íslandi 2006.

*6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Sótt er um 6 m.kr. fjárveitingu til að fjármagna kostnað vegna endurbyggingar Reykholtskirkju. Fyrirhuguð fjárveiting til verkefnisins féll niður við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006. Einnig er farið er fram á 4 m.kr. fjárveitingu til uppbyggingar Textílseturs Íslands á Blönduósi. Safnið fékk 3 m.kr. fjár-

veitingu á sama lið í fjárlögum 2005, en við afgreiðslu fjárlagafrumvarps 2006 féllu niður áform um að veita 4 m.kr. til verkefnisins á þessu ári.

### 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 640,9 m.kr.

#### 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 26,3 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu til að endurnýja og efla örugg samskipti við NATO vegna brotthvarfs varnarliðsins og lokun öruggra samskiptamiðstöðvar á varnarsvæðinu. Um er að ræða kostnað við þjálfun starfsmanna og tæknibúnað. Í öðru lagi er óskað eftir 6,3 m.kr. til að standa straum af kostnaði gerðardóms sem féll í landleigumáli vegna Stokksnes.

#### 190 Ýmis verkefni.

*1.90 Ýmis verkefni.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 67,5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 42 m.kr. framlagi vegna öryggisgæslu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Við brotthvarf varnarliðsins þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja öryggisgæslu á varnarsvæðinu. Framlaginu er ætlað að standa straum af kostnaði vegna tímabundinna ráðstafana sem ekki voru fyrir séðar. Í öðru lagi er óskað eftir 25,5 m.kr. vegna reksturs oliubirgðastöðvar NATO í Hvalfirði sem ráðuneytið tók við af varnarliðinu árið 2004. Uppsafnaður kostnaður nemur 14,6 m.kr. til loka árs 2005 og er gert ráð fyrir 10,9 m.kr. kostnaði á árinu 2006.

#### 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

*1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 536,5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 343 m.kr. framlagi vegna yfirtöku á rekstrarþáttum sem hafa verið í höndum bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Framlagið miðast við yfirtöku á flugtengdum rekstrarþáttum frá og með 1. október 2006. Það felst meðal annars í rekstri slökkviliðs, snjóruðningsdeildar og rafeinda-deildar. Í öðru lagi er óskað eftir 112,5 m.kr. framlagi í stofnkostnað er tengist yfirtöku á rekstrarþáttum sem hafa verið í höndum bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Í stofnkostnaðinum eru 43 m.kr. til vegagerðar, 25 m.kr. til kaupa á snjóruðningstækjum, 30 m.kr. til kaupa á þjónustubifreiðum og 14,5 m.kr. til kaupa á tölva- og samskiptabúnaði. Í þriðja lagi er óskað eftir 81 mkr. framlagi til að standa straum af kostnaði við flugverndareftirlit á Keflavíkurflugvelli. Kostnaðurinn er að mestu falin í launakostnaði starfsmanna við flugvernd. Áætlað er að auka þurfi mannafla um 30

fastráðna starfsmenn og allt að 12 starfsmönnum til viðbótar á háannatímum. Eftirlit þetta er nauðsynlegt til að íslensk stjórnvöld geti staðist kröfur ESA á sviði flugverndar. Gert er ráð fyrir kostnaði á heilu ári í frumvarpi til fjárlaga 2007.

## 611 Útflutningsráð Íslands.

*1.10 Útflutningsráð Íslands.* Sótt er um 10,6 m.kr. viðbótarframlag til Útflutningsráðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 742,1 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.* Samtals er sótt um 354,5 m.kr. fjárheimildir á þennan lið. Farið er fram á 330 m.kr. framlag til að styrkja byggingu reiðhalla, reiðskemma og reiðskála sem reistir verða í samvinnu við hestamannafélög innan Landssambands hestamannafélaga og sveitarfélög. Framlagið verður fjármagnað með fjármunum sem eftir stóðu við sölu og niðurlagningu Lánasjóðs landbúnaðarins en voru ekki hluti af söluandvirði sjóðsins. Þá er farið fram á 22,5 m.kr. fjárveitingu vegna ógreiddra framlaga til átaksverkefnis um kynningu og markaðssetningu á íslenska hestinum, sbr. samkomulag landbúnaðarráðherra, utanríkisráðherra og samgönguráðherra frá 8. apríl 2003. Markmið verkefnisins er að efla jákvæða ímynd hrossaræktar og hestamennsku með áherslu á hlutverk Íslands sem upprunalands íslenska hestsins og forystuhlutverk þess í kynbótum, ræktun og fagmennsku á sviði hestamennsku o.fl. Samkvæmt samkomulaginu skyldi hvert ráðuneyti leggja árlega 3 m.kr. til verkefnisins, auk þess sem Búnaðarbankinn og Flugleiðir styrktu það með 1 m.kr. árlegu framlagi hvor um sig. Verkefnið tók til starfa 1. ágúst 2003 og því lýkur 31. júlí 2008. Loks er lögð til 2 m.kr. fjárveiting til talningar á landsel í haust. Fylgjast þarf með selastofnum við landið bæði vegna þess vandamáls sem hringormur í fiski er og eins vegna aðilar Íslands að NAMMCO, Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðinu, þar sem leggja þarf fram gögn um ástand sjávarspendýra. Útselsstofninn var talinn í fyrrihaust og telja þarf landselsstofninn í haust. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er jafnframt sótt um 2 m.kr. fjárveitingu til verkefnisins.

### 234 Landbúnaðarstofnun.

*1.01 Landbúnaðarstofnun.* Lagt er til að fjárveitingar til stofnunarinnar verði auknar um samtals 63,8 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 25 m.kr. framlag vegna endurgreið-

slu gjalds fyrir sérstakt heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum svínabænda, en sérstök gjaldtaka fyrir eftirlitið var dæmd ólögumæt með dómi Hæstaréttar nr. 213/2005. Í öðru lagi er óskað eftir 15 m.kr. framlagi til kaupa á innréttungum, áhöldum og tölvubúnaði í nýtt húsnæði stofnunarinnar á Selfossi. Í þriðja lagi er farið fram á 12 m.kr. framlag vegna biðlauna fjögurra starfsmanna í 3,6 stöðugildum sem ekki þáðu störf hjá stofnuninni við sameiningu embættis Yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlitsins, Veiðimálastjóra og Kjötmatsformanns í Landbúnaðarstofnun. Í fjórða lagi er sótt um 10 m.kr. framlag til faraldsfræðilegra rannsókna, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar 2006 í framhaldi af tillögum nefndar ráðuneytisstjóra til undirbúnings viðbúnaðar gegn far-sóttum. Í fimmta og síðasta lagi er farið fram á 1,8 m.kr. framlag til faraldsfræðilegrar rannsóknar á fuglaflensu í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 7. október 2005 þess efnis að yfirdýralæknir rannsaki faraldsfræði fuglainflúensu hér á landi.

### **801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.**

Lagt er til að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu verði auknar samtals um 174,4 m.kr. vegna verðlagsbreytinga.

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gerð er tillaga um að veitt verði 149 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006.

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Lögð er til 16,1 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006, auk þess sem framlagið er reiknað af heildarfjárhæð samningsins en ekki aðeins beingreiðsluþætti hans eins og fjárveiting fjárlaga miðaði við.

*1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi.* Sótt er um 3,7 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006.

*1.06 Gripagreiðslur.* Óskað er eftir 5,6 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2006.

### **805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.**

Lagt er til að greiðslur vegna sauðsfjárframleiðslu aukist um 154,5 m.kr. vegna verðlagsbreytinga.

*1.01 Beinar greiðslur til bænda.* Gerð er tillaga um 90 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.02 Lífeyrissjóður bænda.* Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.



*1.03 Jöfnunargreiðslur.* Sótt er um 2,8 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.* Farið er fram á 31 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.05 Niðurgreiðslur á ull.* Óskað er eftir 12,2 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður.* Lögð er til 12,4 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

*1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt.* Sótt er um 1,1 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2006 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

## **807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.**

Farið er fram á 8,2 m.kr. fjárheimild vegna endurmats á samningi um grænmetisframleiðslu.

*1.01 Beinargreiðslur til bænda.* Lögð er til 2,4 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna uppgjörs á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% árlega hagræðingarkröfu, en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs. Upphæðin miðast við mismun á vísitölu neysluverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

*1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt.* Óskað er eftir 11 m.kr. framlagi í samræmi við ákvæði í aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Fjárveiting fjárlaga á þetta viðfang er tvíþætt. Annars vegar 92,6 m.kr. til niðurgreiðslu á rafmagni og hins vegar 5 m.kr. til að styrkja fjárfestingar í ljósabúnaði. Samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2005 nam niðurgreiðslan 103,6 m.kr. og reiknað er með óbreyttum kostnaði í ár og því vantar 11 m.kr. á núverandi fjárheimildir.

*1.08 Framlög til kynninga-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt.* Lögð er til 0,4 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna uppgjörs á hagræðingarkröfu í aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Ákvæðið miðast við 2,5% árlega hagræðingarkröfu, en samningurinn er þó uppfærður miðað við þróun vísitölu neysluverðs. Upphæðin miðast því við mismun á vísitölu neysluverðs og samningsbundinni hagræðingarkröfu frá upphafi samningsins.

**811 Bændasamtök Íslands.**

*1.11 Ráðgjafafþjónusta og búfjárrækt.* Farið er fram á 3,9 m.kr. fjárveitingu vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga á árinu 2005 samkvæmt búnaðarlagasamningi. Þar af eru 2,8 m.kr. vegna greiðslna Bændasamtaka Íslands umfram fjárveitingar á fjárlögum en 1,1 m.kr. vegna hlutdeildar ríkissjóðs í greiðslum búnaðarsambanda.

**824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.**

*1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara.* Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af verðskerðingargjaldi á kindakjöti og hrossakjöti gerir ráð fyrir að tekjur af gjaldinu lækki um 17,2 m.kr. og verði 87 m.kr.

**05 Sjávarútvegsráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 174,2 m.kr.

**202 Hafrannsóknastofnunin.**

Lagt er til að fjarheimildir Hafrannsóknastofnunar verði auknar um samtals 174,2 m.kr. *1.01 Hafrannsóknastofnunin.* Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 53,3 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við vísindaveiðar á hrefnu sem fram fóru í sumar. Sjávarútvegsráðuneytið hefur undanfarin þrjú ár gert samning við Félag hrefnuveiðimanna um veiðarnar og skuldbindur það sig til að veiða allt að 60 hrefnur á árinu 2006 í vísindaskyni í samræmi við rannsókn- og framkvæmdaáætlanir undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í öðru lagi er sótt um 35 m.kr. fjárveitingu til rannsóknaverkefnis um föðrun fisks. Í byrjun árs 2005 hóf stofnunin rannsóknir á föðrun fisks í Arnarfirði sem byggist á að kanna hvort unnt sé að stunda hagkvæman hjarðbúskap á þorski og meta hvort draga megi úr afráni rækju í firðinum. Gert var ráð fyrir að heildarkostnaður við verkefnið yrði 46 m.kr. en að tekjur af seldum fiski ásamt styrkjum næmu 35 m.kr. Áætlanir um tekjur gengu ekki eftir þar sem veiðar hófust ekki fyrr en undir lok ársins og ekki tókst að afla styrkja til verkefnisins. Í þriðja lagi er óskað eftir 35 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við loðnuleit. Þrátt fyrir að farið hafið verið í stóra leiðangra hausið 2005 hafði ekki tekist að finna loðnustofninn í ársbyrjun 2006. Hafrannsóknastofnunin gat því ekki veitt ráðgjöf til ráðherra sem var forsenda þess að hægt væri að gefa út aflaheimildir í loðnu. Var því nauðsynlegt að auka loðnurannsóknir á fyrstu mánuðum ársins 2006 umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í starfsáætlun stofnunarinnar. Í því skyni voru leiðangrar á r/s Árna Friðrikssyni lengdir og farið í nokkra aukaleiðangra. Í fjórða lagi er lögð til 15,9 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við ófyrirséðar viðgerðir á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Við skoðun á skipinu kom í ljós tæring í klósettbank og leiðslum. Varð því að taka skipið í

slipp og gera við það. Í fimmta lagi er lögð til 15 m.kr. fjárveiting til að bæta stofnuninni upp tjón vegna tapaðra krafna í kjölfar gjaldþrots fiskeldifyrirtækisins Sæbýli í Vogum á Vatsleysuströnd, en Sæbýli var annar af tveimur kaupendum sandhverfuseiða frá tilraunaeldisstöð stofnunarinnar við Stað í Grindavík. Í sjötta lagi er gerð tillaga um 13 m.kr. fjárveitingu til tækjakaupa fyrir skip Hafrannsóknastofnunar. Í fjárukaalögum 2004 var heimilað að selja rannsóknarskipið Dröfn og verja andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir skip stofnunarinnar. Dröfn var seld fyrir rúmar 15 m.kr. en til stofnunarinnar skiluðu sér aðeins 2 m.kr. þar sem 13 m.kr. lán hvíldi á skipinu. Í sjöunda og síðasta lagi er farið fram á 7 m.kr. fjárveitingu til rannsókna á erfðaeiginleikum langreiðar. Á fundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í Kóreu í júní 2005 var tekin sú ákvörðun að stofnunin rannsakaði erfðaeiginleika langreiðar. Ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði sem í rekstraráætlun Hafrannsóknastofnunar.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 1.213,2 m.kr.

### 106 Þjóðskrá.

*1.01 Þjóðskrá.* Lagt er til að millifæra 46 m.kr. frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár vegna útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá mun framvegis verða útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni. Til Útlendingastofnunar hafa á undanförunum árum verið veittar 48 m.kr. til útgáfu vegabréfa á uppreiknuðu verðlagi. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 11 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á útgáfu vegabréfa. Alls nemur því millifærslan 59 m.kr. á ársgrundvelli og er gerð tillaga þar um í fjárlagafrumvarpi 2007. Framleiðsla nýrra vegabréfa hófst um miðjan maí og er millifærsla á þessu ári 46 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður við ný vegabréf á þessu ári er áætlaður alls 60 m.kr. á ári og er nettó-fjárþörf 14 m.kr. Lagt er til að hækka framlag til þjóðskrár um 14 m.kr. Samkvæmt nýju lagafrumvarpi er fyrirhugað að þjóðskrá verði útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni og er kostnaður á þessu ári áætlaður 60 m.kr. Útlendingastofnun hefur fram til þessa verið útgefandi vegabréfa og nema fjárframlög á þessu ári þar um 46 m.kr. vegna þessa verkefnis. Það framlag verður millifært til þjóðskrár en lögð er til hækkan sem nemur mismuninum en framleiðsla nýrra vegabréfa hófst um miðjan maí.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.10 Fastanefndir.* Lagt er til að lækka aðrar ríkistekjur fastanefnda um 10 m.kr. og að greiðsla úr ríkissjóði hækki þá samsvarandi. Við undirbúning fjárlaga 2006 var vegna mistaka reiknað með aukinni fjármögnun með ríkistekjum og er óskað eftir að sú hækkan verði dregin tilbaka.

*1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður.* Óskað er eftir 20,9 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við sérstakan ríkissaksóknara í máli sem ríkissaksóknari sagði sig frá til að gæta hæfisreglna. Fjárveitingin er ætluð til þess að standa undir launakostnaði, sérfræðiaðstoð og húsnæði. Alls hafa verið veittar 18 m.kr. á árunum 2005 og 2006 en áætlað er að kostnaður nemi tæplega 39 m.kr. í árslok 2006.

### **301 Ríkissaksóknari.**

*1.05 Ríkissaksóknari.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til rekstrar embættis ríkissaksóknara en embættið hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða. Launagjöld vega þungt í rekstri embættisins en ekki þykir ásættanlegt að fækka saksóknurum.

### **303 Ríkislögreglustjóri.**

*1.01 Ríkislögreglustjóri.* Lagt er til að veitt verði 31 m.kr. viðbótarfjárheimild til eflingar löggæslu vegna framkvæmda á Austfjörðum. Lögreglan hefur þurft að viðhafa sólarhringsvakt við vinnusvæði virkjana- og álversframkvæmda á Austfjörðum í sumar. Ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum við gerð fjárlaga 2006. Embætti Ríkislögreglustjóra mun sinna uppgjöri til þeirra embætta sem lögðu til aukamannskap í þetta verkefni. Á fundi ríkisstjórnar 10.02.2006 var samþykktur hluti af tillögum nefndar ráðuneytisstjóra sem skipuð var til að undirbúa viðbúnað gegn farsóttum. Samþykkt var að leggja til í fjárukalagafrumvarpi ársins 2006 alls 31.5 m.kr. þar af er 20 m.kr. framlag til upplýsingakerfa, 5 m.kr. til aðkeyprar verkefnastjórnar, 6,5 m.kr. vegna viðbótarstarfsmanns hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Lagt er til að veitt verði 16 m.kr. framlag til sérsvéitar ríkislögreglustjóra. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar snemma árs 2005 um eflingu löggæslu á Norður- og Austurlandi var ákveðið að ráðast í sambærilegar skipulagsbreytingar á störfum sérsvéitarmanna hjá sýslumanninum á Akureyri og þegar höfðu verið gerðar í Reykjavík. Ákveðið var að þetta fyrirkomulag tæki gildi á miðju ári 2005 og væri til reynslu í eitt ár og er því framlag fyrir hálfu árinu 2006 í gildandi fjárlögum. Breyting þessi fól í sér mikla eflingu löggæslu á Akureyri sem og í nærliggjandi umdæmum og hefur reynst ákaflega vel. Í frumvarpi til fjárlaga er veitt fé til að festa fyrirkomulagið í sessi og er hér gerð tillaga um framlag fyrir seinni hluta þessa árs.

### **311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.**

*1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík.* Lagt er til að millifæra 6,3 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til lögreglunnar í Reykjavík vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi.

### 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

*1.10 Ýmis löggæslukostnaður.* Lagt er til að 20 m.kr. fjárheimild verði flutt til samgönguráðuneytisins vegna flugverndar. Framlag til öryggisskoðana og vopnaleitar á millilandaflugvöllum utan Keflavíkurflugvallar hefur verið á safnlið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem hefur úthlutað til löggæslustofnana í lok árs. Í samráði við samgönguráðuneytið er gert ráð fyrir að það taki þessa fjárveitingu yfir og fari með ráðstöfun hennar framvegis. Gerð er samsvarandi tillaga í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007.

### 395 Landhelgisgæsla Íslands.

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Lagt er til að veitt verði 280 m.kr. fjárheimild á þessu viðfangsefni til að standa undir kostnaði við eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands á þessu ári. Kostnaður skiptist þannig að 60 m.kr. eru vegna leigu á þyrlum, 90 m.kr. vegna rekstrarkostnaðar þyrlanna og trygginga á þeim og 130 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna og annarra rekstrargjalda í tengslum við það. Loks er gert ráð fyrir að stofnkostnaður við búnaðarkaup o.fl. nemi 220 m.kr. en hann færist á annað viðfangsefni. Heildarfjárveiting vegna málsins nemur því 500 m.kr. Lagt er til að millifærð verði 40 m.kr. fjárveiting af viðhaldslið yfir á rekstrarlið þar sem að fjárveiting í fjárukalögum ársins 2005 var færð á viðhaldslið átti að verja til reksturs.

*5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta.* Lagt er til að millifærð verði 40 m.kr. fjárveiting af viðhaldslið yfir á rekstrarlið þar sem að fjárveiting í fjárukalögum ársins 2005 var færð á viðhaldslið átti að verja til reksturs.

*6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að veitt verði 220 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir stofnkostnaði við búnaðarkaup o.fl. í tengslum við eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands á þessu ári.

### 396 Landhelgissjóður Íslands.

*6.41 Landhelgissjóður Íslands.* Lagt er til að veitt verði framlag að fjárhæð 500 m.kr. til smíði á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Samkvæmt lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. renna 3 milljarðar króna til endurnýjunar skipa og flugvéla hjá Landhelgisgæslu Íslands. Fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir gera ráð fyrir að þar af falli til 500 m.kr. á þessu ári, 500 m.kr. á næsta ári og 2 milljarðar króna á árinu 2008.

### 398 Útlendingastofnun.

*1.01 Útlendingastofnun.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við útgáfu dvalarleyfa. Fjöldi umsókna hefur aukist úr um 7.600 árið 2001 í um 12.600 á árinu 2005. Á árinu 2006 er fyrirhugað að hefja gjaldtöku fyrir leyfin og útgáfu á dvalarleyfiskortum. Jafnframt var í byrjun september 2005 ákveðið af

ráðuneytum dómsmála og félagsmála að áréttu forgang ríkisborgara hinna átta nýju aðildarríkja EES-samningsins að íslenskum vinnumarkaði umfram ríkisborgara utan EES-svæðisins. Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun breyttu verklagi sínu við afgreiðslu umsókna í þá veru að minnka skjalakröfur og stytta afgreiðslutíma til muna. Lagt er til að millifærð verði 2,1 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til sýslumannsins í Kópavogi vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi. Lagt er til að millifæra 6,3 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til lögreglunnar í Reykjavík vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi. Lagt er til að millifærð verði 46 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár vegna útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá mun framvegis verða útgefandi nýrra vegabréfa með rafræn lífkenni. Til Útlendingastofnunar hafa á undanförunum árum verið veittar 48 m.kr. til útgáfu vegabréfa á uppreiknuðu verðlagi. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 11 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á útgáfu vegabréfa. Alls nemur því millifærslan 59 m.kr. á ársgrundvelli og er gerð tillaga þar um í fjárlagafrumvarpi 2007. Lögin taka gildi 1. maí 2006 og er millifærsla á þessu ári 46 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður við ný vegabréf á þessu ári er áætlaður alls 60 m.kr. á ári og er nettófjárförf 14 m.kr.

*6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að felldar verði niður 68 m.kr. af fjárveitingu sem ætlaður var til undirbúnings nýrra vegabréfa. Í fjárlögum ársins 2006 eru alls ætlaðar 214 m.kr. vegna stofnkostnaðar við útgáfu vegabréfa með lífkennum og vegna vegabréfaáritana og dvalarleyfa með lífkennum. Stofnkostnaður hefur reynst lægri en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir, eða í kringum 146 m.kr. Skýrist það að mestu af því að tilboð í útboðsverkefni reyndust vera hagstæðari en reiknað hafði verið með. Er því lagt til að fella niður það sem eftir stendur, um 68 m.kr.

#### **411 Sýslumaðurinn í Reykjavík.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lagt er til að fjárheimild sýslumannsins í Reykjavík verði aukin um 28,5 m.kr. Á undanförunum árum hafa safnast saman tekjur embættisins sem talið var að mætti ráðstafa sem sértekjum. Við nánari skoðun kom í ljós að um ríkistekjur er að ræða sem færast um tekjuhlíð ríkissjóðs og er því hér farið fram á einskíptisfjárveitingu til samræmis við þá færslu.

#### **420 Sýslumaðurinn á Blönduósi.**

*1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar.* Ný innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi hefur verið komið á laggirnar. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísi frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá

lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Með tilkomu miðstöðvarinnar er lagt til að millifæra af eftirfarandi stofnunum yfir á innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar. 16,1 m.kr. af fjárveitingu lögreglunnar í Reykjavík til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 3,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Keflavík til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Kópavogi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 1,6 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Selfossi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. 1,3 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Akureyri til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar.

#### **424 Sýslumaðurinn á Akureyri.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 1,3 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Akureyri til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

#### **426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.**

*1.40 Tollgæsla.* Lagt er til að veitt verði aukaframlag að fjárhæð 23 m.kr. til endurnýjunar og kaupa á tækjum til tollskoðunar. Engin gegnumlýsingartæki né tækjabúnaður til tollskoðunar er til á Seyðisfjarðarhöfn né á Egilsstaðaflugvelli svo hægt sé að sinna lögbundnum skyldum embættisins til tollskoðunar. Norröna siglir vikulega allt árið um kring til Seyðisfjarðar og kemur að hluta til frá löndum utan Schengensvæðisins. Auk þess er vikulegt flug frá Póllandi og Kaupmannahöfn á áætlun út árið 2007 til Egilsstaðaflugvallar fyrir utan annað tilfallandi flug erlendis frá. Fyrirhugað er að kaupa tvær stórar gegnumlýsingarvélar og eina fyrir handfarangur, tæki til fíkniefnaleitar, þykktarmæli til fíkniefnaleitar, umfelgunarvél en auk þess fellur til kostnaður vegna uppsetningar og þjálfunar.

#### **433 Sýslumaðurinn á Selfossi.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 1,6 m.kr. frá sýslumannsembættinu á Selfossi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögreglu-

embættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

#### **434 Sýslumaðurinn í Keflavík.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Keflavík til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

#### **436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 3,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

#### **437 Sýslumaðurinn í Kópavogi.**

*1.01 Yfirstjórn.* Lagt er til að millifærð verði 2,1 m.kr. fjárheimild frá Útlendingastofnun til sýslumannsins í Kópavogi vegna afgreiðslu vegabréfa. Útlendingastofnun hefur sinnt því verkefni undanfarin ár en afgreiðslan hefur nú verið flutt til lögreglunnar í Reykjavík og sýslumannsins í Kópavogi.

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að millifæra 2,8 m.kr. frá sýslumannsembættinu í Kópavogi til nýrrar innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar sem staðsett er á Blönduósi. Miðstöðin tekur við innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu frá öðrum lögregluembættum. Áður en innheimtumiðstöðin var sett á fót höfðu útgjöld vegna þessa að mestu fallið til hjá lögreglunni í Reykjavík og stærstu sýslumannsembættum. Á árinu 2006 er við það miðað að áætluð útgjöld verði millifærð frá lögreglunni í Reykjavík og fimm stærstu sýslumannsembættum en á næsta ári eingöngu frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.



#### 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

*1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. fjárheimild til flutnings verkefna út á land. Í tengslum við nýskipan lögreglumála er áformað að flytja margvísleg verkefni til smærri sýslumannsembætta. Almennt er miðað við að breytingar taki gildi um næstu áramót en nokkur kostnaður mun falla til á þessu ári við undirbúning. Jafnframt er gert ráð fyrir að nokkur verkefni hefjist á þessu ári, s.s. flutning bótanefndar til sýslumannsembættisins á Siglufirði 1. júlí. Fjárhæðin er færð á safnlið sýslumannsembætta til bráðabirgða.

#### 501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

*1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins.* Lagt er til að hækka framlag um 5 m.kr. vegna endurskoðunar samnings við Vernd. Á árinu 2005 voru fangadagar á Vernd rúmlega 5.245 eða 30% meira en í næststærsta fangelsi landsins og er 70% fjölgun frá árinu 2001. Samsvarar það afköstum 16 rýma fangelsis miðað við 90% nýtingu. Vegna þess að heimilið sinnir nú orðið nær eingöngu föngum hafa aðrir, s.s. borgaryfirvöld, dregið úr framlögum sínum. Er nú svo komið að endar nást ekki saman í daglegum rekstri, nauðsynlegt viðhald situr á hakanum og ekki er fjármagn til að setja upp öryggisbúnað eða annað, sem nauðsynlegt telst í svo þéttsetnu húsi.

#### 591 Fangelsisbyggingar.

*6.10 Stofnframkvæmdir.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til undirbúnings og hönnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Litla-Hrauni og við nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

#### 705 Kirkjumálasjóður.

*1.10 Kirkjumálasjóður.* Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 5,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

#### 707 Kristnisjóður.

*1.10 Kristnisjóður.* Lagt er til að framlag hækki um 8,5 m.kr. Samkvæmt samningi ríkis og kirkju skal greiða sem svarar 15 árslaunum presta í fámennustu prestaköllunum í Kristnisjóð. Í fjárlögum árið 2006 fórst fyrir að hækka framlag í samræmi við samninginn. Framlag í fjárlögum 2006 er 70,6 m.kr. en ætti að vera 79,1 m.kr. og er því lögð til hækkun að fjárhæð 8,5 m.kr.

**735 Sóknargjöld.**

*1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar.* Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 48,1 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

*1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga.* Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 15,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

**736 Jöfnunarsjóður sókna.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sókna.* Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 8,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2004 og 2005 var 8,6% og fjölgun einstaklinganna 2,7%.

**07 Félagsmálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 379,8 m.kr.

**707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.**

*1.01 Almennur rekstur.* Farið er fram á 2,3 m.kr. framlag til greiðslu á húsaleigu fyrir Svæðisskrifstofu Austurlands á árinu 2006 en árið 2005 flutti skrifstofan í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs. Fyrir var hún í húsnæði í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem nú hefur verið selt, og greiddi þar eingöngu fasteignagjöld og tryggingar af húsnæðinu. Í frumvarpi til fjárlaga árið 2007 er lögð til hækkun í þessu skyni.

**801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.075 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2006. Spáin miðast við að skatttekjur verði 339.117 m.kr. á árinu og að álagningarstofn útsvars hafí verið 582.278 m.kr. árið 2006.

**982 Ábyrgðasjóður launa.**

*1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.* Gerð er tillaga um að framlag til Ábyrgðasjóðs launa lækki um 125 m.kr. þar sem horfur það sem af er ári benda til að útgjöld sjóðsins verði nokkru lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Fyrstu sjö mánuði ársins voru útgjöld sjóðsins um 300 m.kr. eða um 500 m.kr. miðað við heilt ár. Útgjöld sjóðsins í fjárlögum yfirstandandi árs eru 638,1 m.kr.

**984 Atvinnuleysistryggingasjóður.**

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta lækki um 504 m.kr. þar sem störfum fækkar minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í forsendum fjárlaga var reiknað með greiðslu atvinnuleysisbóta til 3000 einstaklinga að meðaltali á mánuði sem jafngildir 1,9% atvinnuleysi. Spár gera nú ráð fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta til 2.340 einstaklinga að meðaltali á mánuði árið 2006 eða sem jafngildir um 1,5%. Í endurmatinu er tekið tillit til hækkunar á atvinnuleysisbótum þann 1. júlí 2006 samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins.

*1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.* Óskað er eftir 14 m.kr. hækkun framlaga til að mæta kostnaði sem fallið hefur til vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Breyta þurfti hugbúnaði hjá Vinnumálastofnun, prenta kynningarefni, halda námskeið og þjálfa starfsfólk.

*1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva.* Farið er fram á 40 m.kr. framlag til að auka styrki til fiskvinnslustöðva sökum hráefnisskorts. Greiðslur fyrstu sjö mánuði ársins voru 73 m.kr. en fjárlögum er heimild fyrir 81 m.kr.

**989 Fæðingarorlof.**

*1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki alls um 46, 5 m.kr. vegna tveggja tilefna. Annars vegar er óskað eftir 27,5 m.kr. til að greiða Tryggingastofnun ríkisins aukin umsýslukostnað með sjóðnum á yfirstandandi ári í samræmi við samkomulag milli stofnunarinnar og félagsmálaráðuneytis. Hins vegar er óskað eftir 19 m.kr. til undirbúnings á yfirtöku Vinnumálastofnunar á starfsemi Fæðingarorlofssjóðs en stofnunin mun taka yfir umsýslu sjóðsins 1. janúar á næsta ári og verður starfsemin framvegis á Hvammstanga. Hanna þarf nýjan hugbúnað, kaupa búnað og tæki og ráða starfsfólk og þjálfa svo verkefnið gangi eftir.

*1.11 Fæðingarorlofssjóður.* Lagt er til að fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs lækki um 200 m.kr. frá því sem ráð er gert fyrir í fjárlögum í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2006.

*1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar.* Lagt er til að framlög hækki um 30 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er yfirstandandi ári.

**999 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.49 Móttaka flóttamannahópa.* Sótt er um 1 m.kr. framlag til að móta stefnu í málefnum innflytjenda. Innflytjendaráð var stofnað í nóvember 2005 og er því ætlað að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis við mótun stefnu í málefnum innflytjenda og virkja til samstarfs alla helstu hagsmunaaðila er koma að aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.234,8 m.kr.

**201 Tryggingastofnun ríkisins.**

*1.01 Tryggingastofnun ríkisins.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki alls um 165 m.kr. vegna tveggja tilefna. Annars vegar er óskað er eftir 115 m.kr. framlagi til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla Tryggingastofnunar, en gert er ráð fyrir að hann verði um 115 m.kr. í árslok 2006. Rekstrarafkoma stofnunarinnar árið 2005 var jákvæð og gekk því á hallann það ár. Stefnt er að því að rekstur stofnunarinnar verði í jafnvægi á þessu ári. Þá er farið fram á 50 m.kr. til að tryggja hraðari og öruggari afgreiðslu bóta almannatrygginga og annarra greiðslna sem stofnunin annast og fækka eins og kostur er tafsömum leiðréttingum á áður afgreiddum bótum. Jafnframt er stefnt að því að efla eftirlit enn frekar og bæta stjórnarsýslu stofnunarinnar með nauðsynlegum breytingum á tölvukerfi hennar.

**204 Lífeyristryggingar.**

Óskað er eftir samtals 1.934 m.kr. til hækkunar lífeyristrygginga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnar um hækkun lífeyrisbóta í samræmi við samkomulag við eldri borgara frá 19. júlí sl. Tekur tillaga nefndarinnar annars vegar mið af útfærslu nýgerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og hins vegar áformum um sameiningu bótaflokka. Hækkunin skiptist á fjögur viðfangsefni þessa fjárlagaliðar, þ.e. ellilífeyri, sem hækkar um 208 m.kr., örorkulífeyrir sem hækkar um 150 m.kr., og loks hækkar tekjutrygging ellilífeyrisþega um 995 m.kr. og tekjutrygging örorkulífeyrisþega um 581 m.kr.

**206 Sjúkratryggingar.**

*1.21 Hjálpartæki.* Farið er fram á 50 m.kr. til að mæta áætluðum útgjöldum ársins vegna hjálpartækja samkvæmt endurskoðaðri áætlun.

**301 Landlæknir.**

*1.01 Landlæknir.* Óskað er eftir 15 m.kr. til að ráða viðbótarstarfsmanna hjá sóttvarnarlækni til að undirbúa viðbúnað gegn fuglaflensu og farsóttum.

**305 Lýðheilsustöð.**

*1.01 Lýðheilsustöð.* Farið er fram á samtals 12,2 m.kr. leiðréttingu á lögbundnu framlagi til tóbaksvarna þannig að það verði í samræmi við brúttósölu tóbaks, en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu. Leiðréttingin nemur 0,3 m.kr. vegna ársins 2004, 6,6 m.kr. vegna ársins 2005 og 5,3 m.kr. vegna 2006.

**326 Sjónstöð Íslands.**

*1.01 Sjónstöð Íslands.* Óskað er eftir 40 m.kr. til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla Sjónstöðvarinnar í árslok 2005 vegna kaupa á sjöntækjum. Gert er ráð fyrir hallalausum rekstri í ár, en fjárheimildir stofnunarinnar voru hækkaðar í fjárlögum 2006 einkum til kaupa á sjöntækjum og tölvuhjálpartækjum.

**373 Landspítali - háskólasjúkrahús.**

*1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 18,8 m.kr. Annars vegar er farið er fram á 14,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við endurnýjun samninga þar á meðal samnings um tæknifrjóvganir. Þá er óskað er eftir að 4 m.kr. af framlagi til reksturs hjúkrunarheimila verði nýttar tímabundið til að efla þjónustu öldrunarsviðs Landspítala - háskólasjúkrahús. Fjárheimild til reksturs hjúkrunarrýma á lið 08-401 Hjúkrunarheimili, almennt mun ekki nýtast að fullu árið 2006 og því er lagt til að nýta hluta þeirra fjármuna til að efla sjúkra- og iðjuþjálfun á öldrunarsviði sjúkrahússins með það að markmiði að búa aldraða undir að þeir geti dvalið lengur á eigin heimilum.

**399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.**

*1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit.* Óskað er eftir 3,8 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarviðs Krabbameinsfélags Íslands. Samningurinn miðast við 200.000 einingar eru greiðslur óbreyttar haldist þær innan 93% til 107% vikmarka. Fjöldi sérfræðieininga 2005 var 230.975 eða um 115% frávik. Efri vikmörk samningsins miðast við 214.000 einingar og því er farið fram á framlagi fyrir 16.975 einingum.

**401 Öldrunarstofnanir, almennt.**

*1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.* Óskað er eftir að 4 m.kr. af þessum lið fari til að efla þjónustu öldrunarsviðs Landspítala-háskólasjúkrahús. Fjárheimild til reksturs hjúkrun-

arrýma á þessum lið mun ekki nýtast að fullu árið 2006 og því er lagt til að nýta hluta þeirra fjármuna til að efla sjúkra- og iðjubjálfun á öldrunarsviði Landspítala-háskóla-sjúkrahúss með það að markmiði að búa aldraða undir að þeir geti dvalið lengur á eigin heimilum.

*5.21 Viðhald.* Gerð er tillaga um að 26,6 m. kr. verði færðar af liðnum á lið 08-700 Heilbrigðisstofnanir til greiðslu húsnæðisgjalds sem er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

#### **500 Heilsugæslustöðvar, almennt.**

Óskað er eftir að 25 m.kr. verði færðar á milli viðfangsefna innan liðarins frá *6.01 Tæki og búnaður* á viðfangsefni *1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla minni heilsugæslustöðva, en í nokkrum tilvikum sýnir niðurstaða reiknilíkans sem notað er við úthlutun framlaga til heilsugæslustöðva í fjárlagafrumvarpi 2007 hærri kostnað en nemur fjárheimildum árið 2006.

#### **700 Heilbrigðisstofnanir.**

*5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana.* Gerð er tillaga um að 26,6 m. kr. verði færðar á liðinn af lið 08-401 *5.21 Öldrunarstofnanir, viðhald til greiðslu húsnæðisgjalds* sem er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

## **09 Fjármálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 5.499,3 m.kr.

#### **405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.**

*1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.* Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. fjárveiting til að mæta kostnaði við fasteignagjöld af húsnæði ríkisins. Samkvæmt samkomulagi í nefnd um tekjustofna sveitarfélaga hefur verið felld niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna verður innleidd í áföngum þannig að þau skili sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleiðis. Í fjárlögum ársins 2006 var gert ráð fyrir 200 m.kr. fjárheimild til að mæta álagningu ársins 2006 en ekki var gert ráð fyrir breytingu á fasteignamati á milli ára sem nemur um 25 m.kr. Fjárheimild vegna málsins er færð á þennan lið en henni verður skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta á síðari stigum þegar nánari upplýsingar liggja fyrir frá Fasteignamati ríkisins.

## 711 Afskriftir skattkrafna.

*1.11 Afskriftir skattkrafna.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka áætlun um afskrifaðar skattkröfur um 3 milljarða króna. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Nær ógerlegt er að reikna út eða áætla fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum, en lögð er til hækkun á fjárheimildum í ljósi þróunar innan ársins og endurskoðunar á tekjuáætlun. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði.

## 989 Launa- og verðlagsmál.

*1.90 Launa- og verðlagsmál.* Farið er fram á samtals 2.464,3 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta frávikum frá launa- og verðlagsforsendum fjárlaga 2006. Í fjárlögum er fjárheimild liðarins 690 m.kr. Gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi af honum 353,5 m.kr. til stofnana til að mæta breytingum á áætluðum launaútgjöldum vegna kjarasamnings sem gerður var við Læknafélag Íslands í vor. Einnig er ráðstafað af liðnum 47,3 m.kr. fjárheimild til Landhelgisgæslunnar vegna samninga við skipstjórnamenn og vélstjóra sem gerðir voru í desember á síðasta ári og er um helmingurinn af því vegna launakostnaðar sem féll til á árinu 2006. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að ráðstafa þurfi 1.157,7 m.kr. til stofnana vegna sérstakra launahækkana hjá láglaunahópum í Starfsgreinasambandinu, og hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og hjá þroskajálfum. Þá er gert ráð fyrir 45,8 m.kr. fjárheimild til að mæta ýmsum öðrum minni tilefnum. Að samanlögðu verður því þörf fyrir 914,3 m.kr. fjárheimild á launa- og verðlagsliðnum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum vegna breytinga á launaforsendum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 1.550 m.kr. fjárheimild til að mæta áhrifum af gengislækkun krónunnar á útgjöld ýmissa aðila. Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Sú veiking sem orðið hefur á gengi krónunnar gagnvart helstu myntum frá forsendum fjárlaga, almennt um 13%-15% miðað við áætlað meðalgengi ársins 2006, leiðir til hækkunar á útgjöldum tiltekinnna gengisbundinna fjárlagaliða. Á það aðallega við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka.

## 999 Ýmislegt.

*1.90 Ýmis verkefni.* Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting til styrkja samsvarandi virðisaukaskatti af gjöfum og kostnaði sem lagt er út í við öflun fjár til góðgerðarmála.

## 10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 1.769,2 m.kr.

### 190 Ýmis verkefni.

Samtals er farið fram á 115 m.kr. auknar fjárheimildir á þennan lið.

*1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkflugvelli.* Farið er fram á að veitt verði 15 m.kr. framlag til verkefnis sem felur í sér úttekt á Reykjavíkflugvelli og vinnu starfshóps sem samgönguráðherra hefur skipað með þátttöku Reykjavíkurborgar. Með fjárákalogum 2005 var veitt 18 m.kr. til verkefnisins. Sú fjárveiting byggði á áætlun um að heildarkostnaður yrði allt að 36 m.kr. en Reykjavíkurborg greiðir helming hans á móti ríkissjóði. Samkvæmt endurskoðaðri kostnaðaráætlun vegna verksins er nú gert ráð fyrir að hlutur ríkissjóðs verði allt að 33 m.kr.

*1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.* Óskað er eftir 100 m.kr. fjárveitingu til landkynningarmála undir markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.

### 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

*6.10 Framkvæmdir.* Óskað er eftir 1.000 m.kr. framlagi vegna umferðaröryggis á vegum útfrá höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða framkvæmdir sem munu bæta verulega umferðaröryggi.

### 251 Umferðarstofa.

*1.01 Umferðarstofa.* Farið er fram á 45 m.kr. fjárheimild til að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggis og gæðamats á vegum. Unnið er að úttekt á gæðum vega m.t.t. umferðaröryggis eða svonefnda vegrýni. Samgönguráðuneytið hefur beint tilmælum til Umferðarstofu um að semja við Félag íslenskra Bifreiðaeigenda um framkvæmd vegrýnisverkefnis í samræmi við European Road Assessment Program, EuroRap. Tilgangur EuroRap er að koma á samræmdu öryggisflokunarkerfi á vegum í Evrópu. Fjárheimildinni er einnig ætlað að standa undir aukinni rafrænni skráningu og einföldun með rafrænni þjónustu. Ráðgert er að fjármögnun þessara útgjalda verði með uppsöfnuðum mörkuðum tekjum sem hafa verið umfram rekstrarkostnað stofnunarinnar á undanförunum árum.

### 335 Siglingastofnun Íslands.

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt er til að heimilað verði að verja 30 m.kr. af fjárveitingu ársins á viðfanginu til að ljúka við undirbúning framkvæmdar við ferjulægi í Bakkafljóru. Fjárheimildin verði flutt frá verkefninu endurbygging Básaskersbryggju í



Vestmannaeyjum en það verkefni hefur dregist nokkuð þannig að framkvæmdaþunginn í því fellur að mestu á árið 2007. Á fundi ríkisstjórnarinnar í júlí 2006 lagði samgönguráðherra til að ferjulægi í Bakkafjöru yrði framtíðartenging milli Vestmannaeyja og lands og lokið yrði við nauðsynlegar rannsóknir og undirbúning svo framkvæmdir geti hafist svo fljótt sem auðið er. Þarf að auka fjárveitingu til verkefnisins um 30 m.kr. árið 2006, svo ljúka megi undirbúningi í tæka tíð. Til að hægt sé standa við þessi áform er gerð tillaga um flutning fjármuna innan siglingamálakafla samgönguáætlunar. Mál hafa þróast þannig að framkvæmdir við endurbyggingu Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum hafa dregist nokkuð og að óbreyttu myndi standa þar ónotuð fjárveiting í árslok 2006. Því er lagt til að í ár verði 30 m.kr. fluttar af verkefninu yfir á verkefnið Ferjulægi Bakkafjöru-rannsóknir, sem við það hækkar úr 10 m.kr. í 40 m.kr.

#### **471 Rekstur Flugmálastjórnar.**

Samtals er farið fram á 29,2 m.kr. auknar fjárheimildir á þennan lið.

*1.01 Flugmálastjórn.* Lagt er til að 20 m.kr. framlag verði millifært frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna öryggiseftirlits á innanlandsflugvöllum. Samkomulag er milli ráðuneytanna um að verkefnið verði vistað hjá samgönguráðuneytinu. Einnig er lögð til 9,2 m.kr. fjárveiting til að standa straum af flugverndareftirliti á flugvöllum Flugmálastjórnar Íslands í samræmi við kröfur ESA.

#### **472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar.**

*6.41 Framkvæmdir.* Farið er fram á 80 m.kr. framlag til stækkunar flugstöðvarinnar á Egilsstöðum. Talið er að flugstöðin sé of lítil miðað við það hlutverk sem henni er ætlað. Þótt flugstöðin hafi verið endurbyggð og stækkuð í nokkrum áföngum er aðstaða í henni fyrir flugvernd ófullkomin, m.a. nýta brottfarar- og komufarþegar að nokkru leyti sama rými þannig að ekki er fullur aðskilnaður þar á milli. Slíkt er andstætt reglum um flugvernd. Talið er mögulegt að fjármagna umrædda framkvæmd með óráðstöfuðum umframtekjum af flugmálaáætlun. Umrædd framkvæmd verður fjármögnuð með því að ráðstafa fyrirfram mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar og verður þeim skilað í ríkissjóð síðar þegar frekari framkvæmdir við flugvelli verða ákveðnar í ljósi endurskoðaðra áætlana um tekjuöflun.

#### **521 Fjarskiptasjóður.**

*6.41 Fjarskiptasjóður.* Lagt er til að veita 500 m.kr. til Fjarskiptasjóðs á árinu 2006 í stað 2007. Stjórn fjarskiptasjóðs vinnur nú að útboðum á þeim verkefnum sem sjóðnum er ætlað að standa straum af. En þau eru í fyrsta lagi uppbygging GSM senda víðsvegar um landið. Í öðru lagi dreifing sjónvarps- og útvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins út á miðin við landið og til strjálbýlli svæða stafrænt um gervihnött. Í þriðja lagi að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingum.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 25 m.kr.

### 299 Iðja og iðnaður, framlög.

*1.50 Nýsköpun og markaðsmál.* Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. framlag til leiðréttingar á óskiptum lið Iðnaðarráðuneytisins til samræmis við þau verkefni sem liðnum er ætlað að fjármagna.

### 373 Niðurgreiðslur á húshitun.

*1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis.* Lagt er til að millifærðar verði 25 m.kr. á liðinn vegna hækkunar á viðmiðunarmörkum niðurgreiðsla til rafhitunar. Fellur þessi hækkun undir niðurgreiðslulið ráðuneytisins og er færð af liðnum 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

### 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

*1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.* Lagt er til að millifærðar verði 25 m.kr. af liðnum á liðinn 373 Niðurgreiðslur á húshitun.

## 12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 16,5 m.kr.

### 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Óskað er eftir 12 m.kr. fjárheimild vegna kostnaðar ráðuneytisins við ráðstafanir gegn peningaþvætti. Um er að ræða innleiðingu á tilskipunum, en einnig er verið að gera úttekt á stöðu þessara mála hér á landi. Það eru samtök ýmissa aðildarríkja OECD um aðgerðir gegn peningaþvætti (FATF, Financial Action Task Force), sem vinnur að úttektinni.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál.* Lögð er til 4,5 m.kr. fjárheimild til reksturs tryggingadeildar útflutningslána. Um er að ræða samstarfsverkefni milli iðnaðarráðuneytis, Samtaka iðnaðarins, Nýsköpunarsjóðs og Útflutningsráðs sem lítur að því að veita ábyrgðir til útflytjenda.

## 14 Umhverfisiráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisiráðuneytis verði aukin um 146,8 m.kr.

### 381 Ofanflóðasjóður.

*6.60 Ofanflóðasjóður.* Lagt er til að Ofanflóðasjóði verði heimilað að styrkja Ísafjarðarbæ til kaupa á 18 íbúðum við Árvelli í Hnífsdal sem lið í að tryggja öryggi fólks gagnvart ofanflóðum þar. Staðgreiðslumarkaðsverð íbúðanna er metið 142,8 m.kr. Hámarksframlag Ofanflóðasjóðs er 90% af því mati eða 128,5 m.kr.

### 401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

*1.01 Yfirstjórn.* Farið er fram á 8,3 m.kr. fjárveitingu til rannsókna á áhrifum sinuelda sem geisuðu á Mýrum í vor á lífríki svæðisins.

### 410 Veðurstofa Íslands.

*6.01 Tæki og búnaður.* Farið er fram á 10 m.kr. framlag til kaupa á nýjum aðalvaraafgjafa allra tölvukerfa stofnunarinnar. Varaafgjafinn brann yfir í mars og er ónýtur og getur stofnunin ekki verið án hans til að tryggja öryggi í öflun upplýsinga um veður og jarðskjálfta.

## 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 571 m.kr.

### 801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2006 bendir til þess að gjaldfærðir vextir hækki um 571 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2006 og verði 14.011 m.kr. en að greiddir vextir lækki um 385 m.kr. og verði 9.425 m.kr. Gjaldfærð vaxtagjöld hækka annars vegar vegna hækkunar vaxta á peningamarkaði og hins vegar vegna ákvörðunar um að auka framboð á ríkisbréfum og ríkisvixlum til að stuðla að virkari verðmyndun á markaði og styrkja með því innviði fjármálamarkaðarins.

